

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB, KBE) nr. 1287/2003

2008/EES/10/26

frá 15. júlí 2003

um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2000/597/EB, KBE um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni Evrópuþingsins ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þar eð hlutur eigin tekna Bandalagsins, sem byggist á vergri þjóðarframleiðslu á markaðsvirði í aðildarríkjunum, stækkar sífellt er nauðsynlegt að auka enn frekar samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni þessarar samtölu.
- 2) Þessi gögn eru einnig mikilvægt greiningartæki fyrir samræmingu innlendrar efnahagsstefnu og fyrir ýmsa málaflokka Bandalagsins.
- 3) Samkvæmt ákvörðun ráðsins 2000/597/EB, KBE, að því er varðar eigin tekjur, skal verg þjóðarframleiðsla á markaðsvirði samsvara vergum þjóðartekjum á markaðsvirði samkvæmt útreikningum framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (hér á eftir nefnt ESA-'95), í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu ⁽⁴⁾.
- 4) Gögn yfir vergar þjóðartekjur skulu vera samanburðarhæf. Þessi gögn geta einungis verið samanburðarhæf ef farið er að viðeigandi skilgreiningum og bókhaldsreglum ESA-'95. Í því skyni skulu matsaðferðir og grunn gögn, sem notuð eru í raun, gera kleift að nota skilgreiningar og bókhaldsreglur ESA-'95 á réttan hátt.
- 5) Heimildirnar og aðferðirnar, sem notaðar eru til að reikna út vergar þjóðartekjur, verða að vera áreiðanlegar. Í þessu felst að nota verður traustar aðferðir, eftir því sem kostur er, og byggja á áreiðanlegum og viðeigandi grundvallarhagskýrslum.
- 6) Gögn yfir vergar þjóðartekjur skulu vera tæmandi. Í þessu felst að þau skulu taka einnig mið af starfsemi sem ekki er tilgreind í hagskýrslukönnunum eða tilkynnt til skattýfirvalda, félagsmálafyrvalda eða annarra yfirvalda. Með auknu umfangi vergra þjóðartekna er gengið út frá þróun viðeigandi hagskýrslugrunna og matsaðferða og að gerðar séu viðunandi breytingar.
- 7) Framkvæmdastjórnin skal gera ráðstafanir sem miða að því að bæta samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni vergra þjóðartekna aðildarríkjanna til að geta náð markmiði sínu varðandi öflun gagna yfir vergar þjóðartekjur að því er varðar eigin tekjur.
- 8) Með tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði ⁽⁵⁾ var komið á aðferð við að sannreyna og meta samanburðarhæfi, áreiðanleika og nákvæmni vergrar þjóðarframleiðslu innan nefndarinnar um verga þjóðarframleiðslu þar sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa með sér nána samvinnu. Þessa aðferð skal aðlaga þannig að tillit sé tekið til notkunar vergra þjóðartekna ESA-'95 að því er varðar eigin tekjur.
- 9) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁶⁾.
- 10) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE frá 19. júní 1989 um að koma á fótt hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna ⁽⁷⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 45 E, 25.2.2003, bls. 61.

⁽³⁾ Álit frá 12. mars 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 359/2002 (Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 49, 21.2.1989, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. kafli

Skilgreining og útreikningur á vergum þjóðartekjum á markaðsvirði

1. gr.

1. Skilgreina skal vergar þjóðartekjur á markaðsvirði og verga landsframleiðslu á markaðsvirði í samræmi við evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið (ESA-‘95).

2. Verg landsframleiðsla er lokaniðurstaða framleiðslustarfsemi innlendra framleiðslueininga. Hana má skilgreina á þrjá vegu:

- Verg landsframleiðsla er samtala vergs vinnsluvirðis ýmissa haggeira eða atvinnugreina að viðbættum sköttum og að fráðregnum vörutengdum styrkjum (sem ekki er veitt til geira eða atvinnugreina). Hún er einnig stöðuliðurinn í framleiðslureikningi þjóðarbúskaparins í heild.
- Verg landsframleiðsla er samtala endanlegra nota innlendra stofnanaeininga á vöru og þjónustu (raunveruleg neysla og verg fjárfesting) að viðbættum útflutningi og að fráðregnum innflutningi á vörum og þjónustu.
- Verg landsframleiðsla er samtala notkunar reiknings yfir ráðstöfun vinnsluvirðis þjóðarbúskaparins í heild (laun og launatengd gjöld, skattar á framleiðslu og innflutning að fráðregnum styrkjum, vergum rekstrarafgangi og einyrkjatekjum þjóðarbúskaparins í heild).

3. Vergar þjóðartekjur samsvara heildarfrumtekjum sem innlendar stofnanaeiningar fá: laun og launatengd gjöld, skattar á framleiðslu og innflutning að fráðregnum styrkjum, eignartekjur (fengnar að fráðregnum greiddum), vergur rekstrarafgangur og vergar einyrkjatekjur. Vergar þjóðartekjur jafngilda vergri landsframleiðslu að fráðregnum frumtekjum sem innlendum einingum ber að greiða erlendum einingum að viðbættum frumtekjum sem innlendar einingar fá erlendis frá.

II. kafli

Sending gagna yfir vergar þjóðartekjur og frekari upplýsinga

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu reikna vergar þjóðartekjur í samræmi við 1. gr. í tengslum við gerð reglubundinna þjóðhagsreikninga sinna.

2. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 22. september ár hvert afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna), í tengslum við gerð þjóðhagsreikninga sinna, tölur yfir samtölu vergra þjóðartekna og hluta hennar samkvæmt skilgreiningunum sem um getur í 1. gr. Heimilt er að setja fram samtölu vergrar landsframleiðslu og hluta hennar í samræmi við aðferðirnar þrjár sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Tölurnar, sem gefnar eru upp, skulu taka til næstliðins árs og hugsanlega breytinga á tölum frá fyrri árum.

3. Þegar aðildarríkin senda gögnin, sem um getur í 2. mgr., skulu þau senda skýrslu um gæði gagna yfir vergar þjóðartekjur til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna). Í skýrslunni skulu koma fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna hvernig samtalan var fengin, einkum lýsing á marktækum breytingum á þeim aðferðum og grundvallarhagskýrslum sem notaðar voru og gera grein fyrir endurskoðun sem gerð

hefur verið á fyrri útreikningum á vergum þjóðartekjum. Efni og snið þessarar skýrslu skal vera í samræmi við viðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

3. gr.

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna), í samræmi við viðmiðunarreglurnar, sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um, og í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., skrá yfir aðferðirnar og grundvallarhagskýrslurnar sem notaðar voru til að reikna vergar þjóðartekjur og hluta þeirra í samræmi við ESA-‘95. Aðildarríkin skulu bæta og uppfæra skrá sína í samræmi við þessar viðmiðunarreglur.

III. kafli

Aðferðir við útreikninga á vergum þjóðartekjum og eftirlit með þeim

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar, hér á eftir nefnd „nefndin um vergar þjóðartekjur“, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skal beita 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal sannreyna heimildirnar og aðferðirnar sem aðildarríkin nota til að reikna vergar þjóðartekjur. Samþykkja skal ráðstafanir til að gera gögn yfir vergar þjóðartekjur samanburðarhæfari, áreiðanlegri og nákvæmari í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

2. Nefndin um vergar þjóðartekjur skal fjalla um allar fyrirspurnir, sem formaður hennar leggur fram, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis, í tengslum við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

a) árlegt eftirlit með því hvort skilgreiningum, sem um getur í 1. gr., er fylgt,

b) árlega rannsókn á gögnunum, sem send eru skv. 2. mgr. 2. gr., og á upplýsingunum, sem sendar eru skv. 3. mgr. 2. gr., varðandi heimildir fyrir hagskýrslugerð og aðferðir við útreikning á vergum þjóðartekjum og hlutum þeirra. Þessi rannsókn skal leiða til álits nefndarinnar um vergar þjóðartekjur um hve víðeigandi gögn aðildarríkjanna yfir vergar þjóðartekjur eru sem grundvöllur útreikninga á eigin tekjum að því er varðar áreiðanleika, samanburðarhæfi og nákvæmni. Í þessu áliti skal greina frá helstu skjölum sem rannsóknin byggist á. Taka verður mið af meginreglunni um kostnað og ábata við mat á áreiðanleika, samanburðarhæfi og nákvæmni vergra þjóðartekna og hlutum þeirra.

Í þessu sambandi skal meginreglan um kostnað og ábata fela í sér mat á hugsanlegu umfangi og mikilvægi tiltekinnar starfsemi eða viðskipta sem byggist á þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Þessar upplýsingar eru oft eigindlegar en geta þó í sumum tilvikum verið meginindlegar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópu-bandalaganna) rannsakar sambærileika að því er varðar meðferð svipaðra mála í aðildarríkjunum og tilkynnir nefndinni um vergar þjóðartekjur um öll þau mál sem meginreglan um kostnað og ábata telst gilda um. Með beitingu þessarar meginreglu skal komið í veg fyrir að óhóflega miklar tekjur séu hafðar til grundvallar útreikningum á óverulegum liðum,

- c) að láta í ljós álit sitt, með fyrirvara um 4. gr., um tillögur framkvæmdastjórnarinnar, sem miða að því að bæta útreikninga vergra þjóðartekna, þ.m.t. að túlka skilgreiningar ESA-'95 ef þörf er á og meta áhrif þessara tillagna á vergar þjóðartekjur.

3. Nefndin um vergar þjóðartekjur skal sérstaklega leitast við að bæta aðferðir aðildarríkjanna við samantekt vergra þjóðartekna og miðla bestu starfsvenjum á þessu sviði.

Hún skal einnig fjalla um spurningar er tengjast endurskoðun gagna yfir vergar þjóðartekjur og vandamál að því er varðar nákvæmni vergra þjóðartekna.

Ef nauðsyn krefur skal hún leggja fyrir framkvæmdastjórnina tillögur um ráðstafanir til að gera gögnin yfir vergar þjóðartekjur samanburðarhæfari og áreiðanlegri.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. Tremonti

forseti.

6. gr.

Án þess að hafa áhrif á eftirlitið, sem kveðið er á um í 19. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1150/2000⁽¹⁾, geta þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúar frá öðrum aðildarríkjum farið í sameiginlegar upplýsingaheimsóknir í tengslum við vergar þjóðartekjur, þegar það á við, í samráði við aðildarríkin sem sótt eru heim. Þátttaka aðildarríkjanna í þessum heimsóknum er valfrjáls.

IV. kafli

Lokaákvæði

7. gr.

Fyrir árslok 2005 skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 130, 31.5.2000, bls. 1.